

FUGLALÍF Í DYRHÓLAEY - VETTVANGSFERÐ

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 2009-0210
VERKHLUTI: 1
HÖFUNDUR: Arnór Þórir Sigfússon
DREIFING: Umhverfisstofnun

DAGS.: 2009-06-09
NR.: 0001

Málefni: Skoðun á fuglalífi í Dyrhólaey

1 Inngangur

Þann 8. júní 2009 var farin vettvangsferð í Dyrhólaey að beiðni Umhverfisstofnunar. Tilangur ferðarinnar var að gera könnun á ástandi fuglalífs í eyinni, sérstaklega æðavarpri sem þar er nytjað.

Samkvæmt auglýsingu Umhverfisstofnunar um lokun Dyrhólaeyjar 2009 segir að eyjan skuli vera lokað almennri umferð frá 6. maí til 25. júní en Umhverfisstofnun muni í samráði við landeigendur og nytjaréttarhafa, fylgjast með framgangi varps í eyinni og taka ákvörðun í ljósi þess, eigi síðar en 10. júní, hvort rétt sé að opna fyrir fyrir umferð almennings upp á Háey og með hvaða hætti slíkt yrði gert. Umhverfisstofnun óskaði eftir að Verkís yrði til ráðgjafar um hvort rétt væri að opna fyrir umferð fyrir 25 júní.

Auk Ólafs Arnar Jónssonar frá Umhverfisstofnun fóru Arnór Þ. Sigfússon, fuglafræðingur frá Verkís, Árni Snæbjörnsson fyrrverandi hlunnindaráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands og Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir atvinnu og nýsköpunarráðgjafi einnig frá Bændasamtökum Íslands. Í Dyrhólaey voru svo Þorsteinn Gunnarsson frá Vatnsskarðshólum sem nytjar æðavarpíð, Guðbjörg Þórhildur Jónsdóttir oddviti Mýrdalshrepps og Þráinn Sigurðsson fulltrúi í sveitarstjórn. Farið var um eyna undir leiðsögn Þorsteins og fuglavarp kannað og fært inn á kort.

2 Niðurstöður athugunar

Við skoðun á fuglalífi Dyrhólaeyjar var stuðst við kort úr skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) frá 2000¹, en þar er merkt inn útlínur æðavarps og fjöldi hreiðra og eins það var 1999 auk kríu- og sílamáfspara. Kortið var jafnframt borið undir Þorstein Gunnarsson og hann benti á staði þar sem hann taldi varp æðarfugls vera þéttast og breytingar sem orðið hefðu frá því kort NÍ var gert 1999. Auk þess sagði Þorsteinn æðarfugla verpa dreift um eyna.

Sökum þess stutta tíma sem gafst til athugana var ekki um magnbundna athugun á fuglavarpri eyjunnar að ræða. Heldur var gengið í gegnum þá staði þar sem helst var að vænta æðarvarps, kríuvarps og sílamáfvarps samkvæmt korti NÍ frá 1999 og svæða sem Þorsteinn benti á (1. mynd). Einnig var frekar lögð áhersla á svæði nærri vegum sem liggja um eyna og helst væri að vænta truflunar frá umferð bíla og manna, væri hún til staðar. Með þessu var ætlunin að fá mynd af því hve langt varp væri komið og hugmynd um umfang þess samanborið við athugun NÍ frá 1999¹. Hreiður sem fundust voru merkt inn á kort og einnig voru tegundir fugla sem þóttu líklegar til að vera í varpi merktar inn en sá listi er engan veginn tæmandi þar sem ekki var farið um eyna á kerfisbundinn hátt.

¹ María Harðardóttir og Einar Ólafur Þorleifsson 2000. *Fuglalíf í Dyrhólaey*. Unnið fyrir Náttúruvernd ríkisins. 23 s. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands, NI-00003.



Mynd 1 Gönguleið sem farin var um eyrna er merkt með svörtum ferli. Leiðin var rissuð inn á kort en ekki skráð með GPS tæki (Heimild: Loftmyndir ehf.)

2.1 Æðarvarp og kríuvarp

Byrjað var að ganga um suðausturhorn eyjunnar, við og austur af Skoru (2. mynd) og fundust 4 æðarhreiður á því svæði. Árni Snæbjörnsson skyggði egg úr einu þeirra og taldi það eiga stutt eftir í klak. Við annað af þessum fjórum hreiðrum sást bliki viði hlið kollunnar sem lá á hreiðrinu, en samkvæmt Árna Snæbjörnssyni er það merki um að hreiður sé á fyrri helmingi álegu. Við Skoru sáust einnig 2 æðarpör sem ekki voru á hreiðri en gætu hafa verið að huga að því að hefja varp.

Frá Skoru lá leiðin í norður upp á Lágey, um svæði austan vegar þar sem um 600 pör af kríu höfðu orpið 1999 í athugun NÍ¹. Ekki sáust nein kríuhreiður en um 80 kríur voru á svæðinu og sýndi sumar þeirra merki um að þær gætu verið með egg. Það var því greinilegt að verulegur samdráttur hefur orðið í þessu kríuvarpi síðan 1999.

Þessu næst var gengið um holt vestan vegar í Lágey um austurhluta þess svæðis sem merkt var sem 70 hreiðra æðarvarp á korti NÍ (2. mynd) og þaðan yfir veginn að klettabrún ofan Dyrhólaóss þar sem Þorsteinn Gunnarsson hafði bent á sem æðarvarp og er austurhluti þess svæðis sem merkt er sem 160 hreiðra æðarvarp á korti NÍ (2. mynd). Ekki var þó farið niður fyrir klettinn þar sem varpið er. Engin æðarhreiður fundust á göngu um holtið utan tómar skálar frá fyrri árum. Af brúninni sást ekki vel niður undir klettana þar sem varpið er en einhverjir blikar sáust þar og líklegt að þar hafi verið eitthvað varp.

Frá brúninni var gegnið til baka suður yfir veg í Lágey og nú um vesturjaðar þess svæðis sem merkt var sem 70 hreiðra æðarvarp á kort NÍ (2. mynd), en þar er lítil tjörn og lækur. Á þessu svæði fundust 4 æðarhreiður, þar af 2 rænd. Annað hinna var með 2 eggjum en engum dún sem þýðir að kollan er að verpa og ekki farin að liggja á. Við hitt hreiðrið sat bliki við hlið kollunnar sem bendir til að hún hafi verið á fyrri hluta álegutímans.

3 Umræða

3.1 Núverandi ástand

Mikil breyting hefur orðið varpi æðarfugls, kríu og sílamáfs frá því sem var í athugun NÍ frá 1999¹. Sílamáfur virðist vera horfinn og kríuvarp einungis að hámarki um 6-7% af því sem þá var. Þó ekki megi líta á þann fjölda æðarhreiðra sem sást í vettvangsferðinni 8 júní sem magnbundna mælingu þá voru athugendur í ferðinni sammála um að æðarvarp væri mjög lítið og ekki svipur hjá sjón miðað við það sem var 1999¹. Allavega átti það við þau svæði sem farið var um en ekki er vitað hve mikið varp er undir klettunum á norðanverðri Lágey og norðvestanverða Háey. Þeir sem nytja æðarvarpið frá Vatnsskarðshólum, bræðurnir Þorsteinn Gunnarsson og Gunnar Á Gunnarsson, sem rætt var við símleiðis 9. júní 2009, voru sammála þessu mati og sögðu varpið mun minna í ár en í fyrra. Hvað veldur er ekki hægt að fullyrða um en líklegustu skýringarnar gætu verið slæmt ástand varpfugla eða ágangur afræningja. Það er þekkt að æðarfuglar reyni ekki varp ef fæðuskilyrði eru slæm og fuglinn í lélegu líkamlegu ástandi². Ef mikill ágangur er af afræningjum eins og ref eða mink þá getur það spillt æðarvarpi og orðið til að það flytji sig annað. Til að geta sagt til um hvort líkamlegt ástand varpfuglanna sé líkleg skýring þá þyrfti að gera samanburð við nálæg æðarvörp þar sem líklegt er að sömu umhverfisskilyrði ríki. Það hefur ekki verið gert og reyndar er æðarvarp lítið og strjált á suðurströnd landsins. Samkvæmt munnlegum upplýsingum Þorsteins og Gunnars Gunnarssona þá telja þeir ólíklegt að refur eða minkur herji á varpið í ár þó þeir segist ekki geta útilokað það. Ekki sáust ummerki um mink eða ref í vettvangsferðinni, en gáð var eftir slóðum við tjörnina og lækinn og í sendnum jarðvegi þar sem sporrækt ætti að vera. Því er ekki hægt að segja með vissu hvað valdi þessu lélega ástandi varpsins í ár. Gunnar sagði í símtalinu að æðarfugl í Dyrhólaey ætti það til að vera seinn í varp og vísbendingar þær sem að framan eru nefndar um hjásetu blika og nýorpin egg í einu hreiðrana styðja það að hluta. Hinsvegar sást ekki að fugl sæti uppi og væri að hafa sig í varp en slíkt má sjá í æðarvörpum nokkru áður en varp hefst. Aðeins sáust tvö pör við Skoru sem gætu verið líkleg til að vera að huga að varpi. Nú er liðinn um þriðjungur af júní og æðarfugl ætti að vera að ljúka álegu og er búinn að leiða út víða um land þannig að ólíklegt verður að teljast að úr þessu eigi æðarvarpið í Dyrhólaey eftir að aukast svo einhverju nemi.

Hvarf kríunnar gæti átt sömu skýringar og æðarfuglsins, lélegt ástand varpfugla eða ágangur afræningja. Vísbendingar eru af fréttum úr Vestmannaeyjum að ástand í sjó sé óhagstætt eins og verið hefur undanfarin ár á Suður og Suðvesturlandi en það mun koma í ljóst þegar liður á sumarið hvort kríuvarp á þessu svæði heppnast eða misferst.

Annað fuglalíf í eyinni virðist svipað og var í athugun NÍ frá 1999¹, ef undan er skilinn sílamáfurinn. Ekki verður lagt mat á ástand bjargfuglanna hér þar sem það var ekki kannað, þó var áberandi að geldlundi sat ekki uppi eins og gjarnan er í lundavörpum. Ef ástand lundavarps í Dyrhólaey er líkt því sem gerist í Vestmannaeyjum þá vantar að mestu fyrstu fjóra árgangana í stofninn eftir viðkomubrest síðustu ára og því lítið af geldlunda til staðar.

3.2 Umferð um Dyrhólaey

Umhverfisstofnun leitaði til Verkís eftir ráðgjöf sem nýtist þeim við ákvarðanatöku um lokun eyjunnar. Varðandi lokun eyjunnar er það annars vegar spurning um hvort rétt sé að opna fyrr fyrir umferð almennings upp á Háey í ár en 25. júní og þá með hvaða hætti slíkt yrði gert eins og segir í auglýsingunni. Hins vegar er Umhverfisstofnun að leita eftir framtíðarlausn er varðar verndun fuglavarps í Dyrhólaey og opnun fyrir ferðamenn.

Helstu rök fyrir lokun eyjunnar er verndun fuglalífs, sér í lagi æðarvarpsins. Athugun okkar nú og skýrsla NÍ um fuglalíf fyrir áratug¹ bendir ekki til að varp annarra tegunda en æðarfugls uppi á eyinni sé sérstaklega frábrugðið því sem er á sambærilegum svæðum á landsvísi eða í landsfjórðungnum og engar af þessum tegundum á valista Náttúrufræðistofnunar Ísland yfir fugla frá 2000. Bjargfuglavarpið í eyinni er talsvert en ólíklegt að það verið fyrir mikilli truflun af umferð manna um eyna, ef frá er talið lundavarp og fylsvarp sem sumstaðar er hægt að ganga í frá brúnum.

² Coulson JC (1984) *The population dynamics of the eider duck (Somateria mollissima) and evidence of extensive non-breeding by adult ducks*. Ibis 126:525–543

Helsti staður sem ferðamenn sækja í er í kringum vitann á Háey og svæðið þar í kring þar sem sést í bjargið. Ef hægt er að stýra umferð á þann stað á friðunartímanum í bílum án þess að þeir stöðvi og fólk fari úr þeim á leiðinni um æðarvarpið væri hægt að opna eyjuna fyrr án þess að það myndi hafa veruleg áhrif á æðarvarpið. Æðarfuglar hræðast lítið bíla sem keyra hjá, enda eru æðarfuglar frekar gæfir miðað við aðrar tegundir andfugla og treysta á felulit sinn. Bílar sem stöðva án þess að út úr þeim sé stigið hafa meiri fælingu í för með sér en bílar sem eru á ferð en þó ekki mikla á æðarfugl. Mesta truflunin er af gangandi vegfarendum sem oft geta farið út í og um vörpin og fælt fugla af hreiðrum. Slík fæling gefur eggjaræningjum eins og máfum, hröfnum, kjóum og skúmum færi á að ræna hreiðrin sem þá eru óvarin auk þess sem síendurtekin truflun verður til að fuglinn getur horfið endanlega úr varpinu. Séu ferðamenn með hunda með sér sem leyft er að ganga lausum þá hefur það enn meiri fælingu í för með sér og varanlegri. Þorsteinn og Gunnar Gunnarssynir og Árni Snæbjörnsson sögðu að þegar eyjan var opnuð umferð fyrr einhver árin eftir 2000 þá hafi það gerst að fólk hafi ekki virt leiðbeiningar og kaðla sem settir voru til að stýra umferð og að það hafi haft slæmar afleiðingar fyrir varpið. Ekkert eftirlit eða landvarsla var þá í gangi en án eftirlits eða landvörslu má reikna með að nokkuð verði um að fyrirmælum og afmörkun með köðlum og skiltum verði ekki hlítt af öllum.

Varðandi þá spurningu hvort rétt sé að opna fyrir umferð um eyna fyrir 25 júní í ár, þá er ólíklegt að slík opnun nú eftir 10 júní hefði í för með sér mikil áhrif á fuglalíf í eyinni í ljósi þess hve varp er þar lítið í ár. Til framtíðar lítið væri þó æskilegt að stjórna umferð um eyjuna til að draga úr áhrifum á varp í eyinni. Yrði þá slík opnun bundin við efsta hluta Háeyjar kringum vitann og með bjargbrúnum og að eftirlit væri með því að bann við umferð um Lágey sé virt. Hægt væri að hafa opið tiltekinn tíma yfir daginn en lokað að kvöldi og nóttu.

Til framtíðar mætti hugsa sér svipað fyrirkomulag, þ.e. opnun í júní eftir að æðarfugl er sestur á hreiður og þá eingöngu efsta hluta Háeyjar kringum vitann og með bjargbrúnum til 25. júní. Hafa má opið tiltekinn tíma dags og vera þá með landvörslu til að fyrirbyggja för um svæði sem lokuð eru umferð. Æðarvarp myndi þá með árunum hugsanlega leita á þá hluta eyjunnar þar sem friður er meiri, svo sem á austurhluta Lágeyjar þó alltaf megi búast við nokkrum þéttleika við tjörnina og lækinn. Vegakaflinn upp á Háey frá vegamótunum út í Lágey og framhjá tjörninni þar til kemur að brekkunni er viðkvæmasti kaflinn og að honum þarf helst að gæta. Því mætti hugsa sér að staðsetja landvörslu inni á eyinni þar sem sést yfir þetta svæði en þó í hæfilegri fjarlægð frá æðarvarpinu. Rétt er að takmarka umferð gangandi manna fyrir 25. júní og banna alfarið umferð með hunda inn á svæðið. Til að meta áhrif opunar þarf að vakta fuglalífið næstu ár á eftir til að meta breytingar á fjölda og útbreiðslu. Til að slík vöktun sé marktæk þarf einnig að finna viðmiðunarsvæði sem næst Dyrhólaey þar sem umhverfisaðstæður eru líklegar til að vera svipaðar, að umferðinni frátalinni. Aðeins þannig er hægt að meta hvort lélegt varp getið stafað af umhverfisáhrifum eins og fæðuskorti.

Æðarvarp er viðkvæmt fyrir umferð um varptímann þannig að lítið má útaf bregða til að það geti haft neikvæð áhrif. Góð landvarsla og eftirlit er því að okkar mati forsenda fyrir því að takast megi að sætta sjónarmið verndar á eyinni við aðgengi að vitasvæðinu og bjargbrúninni fyrir 25. júní.